

Vörður tryggingar hf.

Ársreikningur
samstæðunnar
2016

Vörður tryggingar hf.
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Ísland

Kt: 441099-3399

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Varðar trygginga hf. ("félagið" eða "Vörður") fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í váttryggingarekstri og fjárfestingum.

Rekstur ársins 2016

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar 486,5 millj. kr. (2015: 658,4 millj. kr.). Þann 31. desember 2016 námu heildareignir félagsins 12.435,8 millj. kr. (2015: 11.329,9 millj. kr.). Eigið fé í árslok 2016 nam 3.611,4 millj. kr. (2015: 3.474,8 millj. kr.) Eiginfjárhlutfall félagsins var 29,0% í árslok (2015: 30,7%) og gjaldþolshlutfall (SCR) í samræmi við Solvency II nam 141% í árslok (2015: 136%). Launagreiðslur námu 644,5 millj. kr. (2015: 588,0 millj. kr.) og fjöldi ársverka á árinu 2016 var 68 (2015: 67).

Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 899,0 millj. kr. í ársbyrjun, en í lok ársins 2016 nam það 1.073,1 millj. kr. Á árinu 2016 seldi BankNordik, Færeyjum, allt hlutfé sitt í félaginu til Arion banka hf. Í árslok voru tveir hluthafar, Arion banki hf., átti 99,99% af hlutfénu og Vörður líftryggingar hf. 0,01%.

Í ársbyrjun 2017 var hlutfé í Verði hækkað vegna kaupa félagsins á Okkar líftryggingum hf., en í upphafi árs 2017 var samþykkt að sameina dótturfélag Varðar, Vörð líftryggingar hf. og Okkar líftryggingar hf. frá og með 1. janúar 2017, með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Í stjórn félagsins eru fimm stjórnarmenn, tvær konur og þrjú karlar. Er kynjahlutfallið því í samræmi við lög sem kveðja á um að fyrirtæki með starfsmenn fleiri en 50 skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé eigi lægra en 40%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa að fjárhæð 100 millj. kr. á árinu 2017 vegna 2016. Síðar á árinu 2017 eða þegar fjármagnsskipan sameinaðs líftryggingafélags verður ljós gæti sérstök arðgreiðsla þó komið til álita.

Stjórnarhættir

Félagið er eining tengd almannahagsmunum og ber að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í skýrslu stjórnar. Stjórn Varðar leitast að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í júní 2015. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga og váttryggingastarfsemi, hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt er á heimasíðu félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi töluverðar breytingar á lögum um ársreikninga. Meðal lagabreytinganna er krafa um að í yfirliti með skýrslu stjórnar tiltekinna félaga skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Þá skal yfirlitið hafa að geyma stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, ófjárhagslega lykilmælikvarða og fleira. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst vera eining tengd almannahagsmunum og fellur undir fyrrnefndar kröfur um upplýsingagjöf vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Þess má geta að fyrir félög í aðildarríkjum Evrópusambandsins gildir ákvæðið frá og með árinu 2017. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs hefur félaginu ekki reynst unnt að innleiða þetta ákvæði. Innleiðing mun eiga sér stað á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar í næsta ársreikningi félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, framhald:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðusársreikningur Varðar trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunni á árinu 2016 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar, þann 31. desember 2016. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu þess í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Frekari upplýsingar um áhættuþætti eru í skýringum 25-31 í ársreikningnum.

Stjórn og forstjóri Varðar trygginga hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 15. febrúar 2017

Stjórn:


Asta Guðjónsdóttir


Guðný Benediktsdóttir


Hósti Bjarnason


Marínó Örn Tryggvason


Þorvarður Sæmundsson

Forstjóri:


Guðmundur Jóhann Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Varðar trygginga hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Varðar trygginga hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2016, efnahag hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald:

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 15. febrúar 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Kristinsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld ársins		6.811.287	5.764.813
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum		(285.491)	(289.824)
Eigin iðgjöld	6	<u>6.525.796</u>	<u>5.474.989</u>
Fjármunatekjur		240.519	223.584
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		613.233	940.180
Fjárfestingatekjur	7	<u>853.752</u>	<u>1.163.764</u>
Umboðslaun		4.878	3.588
Aðrar tekjur		41.488	27.297
Aðrar tekjur		<u>46.366</u>	<u>30.885</u>
Heildartekjur		<u>7.425.914</u>	<u>6.669.638</u>
Tjón ársins		(5.286.231)	(4.581.109)
Hluti endurtryggjenda í tjónum		7.617	19.386
Eigin tjón	8	<u>(5.278.614)</u>	<u>(4.561.723)</u>
Rekstrarkostnaður	9	(1.589.695)	(1.391.063)
Virðisrýrnun bakfærð	11	6.495	11.601
Heildargjöld		<u>(6.861.814)</u>	<u>(5.941.185)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		564.100	728.453
Tekjuskattur	12	(77.562)	(70.095)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		<u>486.538</u>	<u>658.358</u>
Skipting hagnaðar			
Hluthafar félagsins		<u>486.538</u>	<u>658.358</u>
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	13	<u>0,52</u>	<u>0,73</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Rekstrarfjármunir	14	94.171	79.893
Viðskiptavild	15	32.666	32.666
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	16	9.277.545	7.328.552
Endurtryggingaeignir	18	132.790	237.090
Skatteign	23	89.351	148.527
Viðskiptakröfur	19	1.738.269	1.353.593
Aðrar kröfur		115.513	97.629
Handbært fé		955.477	2.051.974
Eignir samtals		<u>12.435.782</u>	<u>11.329.924</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.073.066	899.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.677.978	807.646
Lögbundinn varasjóður		223.641	199.314
Óinnleystur hagnaður dótturfélags		98.053	0
Óinnleyst gangvirði		160.508	0
Óráðstafað eigið fé		378.134	1.568.883
Eigið fé samtals	20	<u>3.611.380</u>	<u>3.474.843</u>
Skuldir			
Vátryggingaskuld	22	8.389.478	7.433.126
Skattar ársins	23	18.387	14.778
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	416.537	407.177
Skuldir samtals		<u>8.824.402</u>	<u>7.855.081</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>12.435.782</u>	<u>11.329.924</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2016

	Skýr	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Óinnleystur		Óinnleyst gangvirði	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
				Lög- bundinn varasjóður	hagnaður dóttur- félaga			
2015								
Eigið fé 1.1.2015	20	899.000	807.646	166.396	0	0	1.243.443	3.116.485
Greiddur arður							(300.000)	(300.000)
Heildarhagnaður ársins							658.358	658.358
Flutt í lögbundinn varasjóð .				32.918			(32.918)	0
Eigið fé 31.12.2015		<u>899.000</u>	<u>807.646</u>	<u>199.314</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.568.883</u>	<u>3.474.843</u>
2016								
Eigið fé 1.1.2016	20	899.000	807.646	199.314	0	0	1.568.883	3.474.843
Greiddur arður							(1.394.398)	(1.394.398)
Innborgað hlutafé		174.066	870.332					1.044.398
Heildarhagnaður ársins							486.538	486.538
Flutt í lögbundinn varasjóð .				24.327			(24.327)	0
Bundið vegna óinnlestrar gangvirðisbreytingar						160.508	(160.508)	(0)
Bundið vegna óinnleysts hagnaðar dótturfélags ...					98.053		(98.053)	(0)
Eigið fé 31.12.2016		<u>1.073.066</u>	<u>1.677.978</u>	<u>223.641</u>	<u>98.053</u>	<u>160.508</u>	<u>378.134</u>	<u>3.611.380</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		486.538	658.358
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur	(240.519)	(223.584)
Gangvirðisbreyting fjáreigna	(613.233)	(940.180)
Hagnaður af sölu á rekstrarfjármunum	(170)	(473)
Afskriftir	14	42.157	30.989
Tekjuskattur	23	59.175	55.345
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, breyting	(1.353.730)	167.057
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, breyting	(382.595)	(165.811)
Eigin vátryggingarskuld, breyting		1.040.687	662.787
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		27.748	121.275
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta	(933.942)	365.763
 Innborgaðar vaxtatekjur		240.519	223.584
Innborgaður arður		17.970	16.337
Greiddur tekjuskattur	(14.778)	(15.248)
Handbært fé (til) frá rekstri	(690.231)	590.436
 Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	14	(57.146)	(50.972)
Sala rekstrarfjármuna		880	3.452
Fjárfestingarhreyfingar		(56.266)	(47.520)
 Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		1.044.398	0
Greiddur arður	(1.394.398)	(300.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(350.000)	(300.000)
 (Lækkun) hækkun á handbæru fé	(1.096.497)	242.916
 Handbært fé í ársbyrjun		2.051.974	1.809.058
 Handbært fé í árslok		955.477	2.051.974

Skýringar á blaðsíðum 11 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Vörður tryggingar hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er með starfstöð á Íslandi. Aðsetur félagsins er að Borgartúni 25, Reykjavík. Aðalstarfsemi félagsins felst í tryggingarekstri og fjárfestingum.

Samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga". Móðurfélag félagsins er Arion banki hf. en var í upphafi árs BankNordik (Færeyjar). Samstæðureikningur Arion banka hf., sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), inniheldur bæði félagið og dótturfélagið Vörð líftryggingar hf. Samstæðureikningur Arion banka hf. er aðgengilegur á heimasíðu móðurfélags félagsins www.arionbanki.is

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn Varðar trygginga hf. staðfesti ársreikninginn þann 15. febrúar 2017.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur félagsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi félagsins og telja það hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningur þessi hefur því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi félagsins sýna að félagið hefur yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

3. Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæga matsóvissu þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum, er að finna í skýringu 35q, skýringu nr. 16 um gangvirði fjáreigna og skýringu nr. 22 um váttryggingaskuld.

Skýringar, frh.:

4. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf til lykilstjórnenda félagsins. Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Rekstrarstarfsþættir

Eftirfarandi þættir eru megin starfsþættir í rekstri félagsins:

- * Skaðatryggingar
- * Líftryggingar
- * Fjármálastarfsemi

2016	Skaða- tryggingar	Líf- tryggingar	Fjármála- starfsemi	Heild
Iðgjöld ársins.....	6.500.786	310.501	0	6.811.287
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum.....	(246.462)	(39.029)	0	(285.491)
Fjárfestingatekjur.....	528.622	11.357	313.773	853.752
Umboðslaun.....	4.286	592	0	4.878
Aðrar tekjur.....	29.065	0	12.423	41.488
Heildartekjur starfsþátta	6.816.297	283.421	326.196	7.425.914
Tjón ársins.....	(5.209.239)	(76.992)	0	(5.286.231)
Hluti endurtryggjenda í tjónum.....	(8.742)	16.359	0	7.617
Rekstrarkostnaður.....	(1.277.624)	(175.250)	(130.326)	(1.583.200)
Rekstrarafkoma starfsþátta	320.692	47.538	195.870	564.100
Tekjuskattur.....	(59.052)	(18.510)		(77.562)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	261.640	29.028	195.870	486.538
Rekstrarfjármunir.....	91.265	2.906	0	94.171
Viðskiptavild og óefnislegar eignir.....	32.666	0	0	32.666
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur.....	5.715.138	129.627	3.432.780	9.277.545
Endurtryggingaeignir.....	100.814	31.976	0	132.790
Skatteign.....	89.805	(454)	0	89.351
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur.....	1.521.801	35.515	296.466	1.853.782
Handbært fé.....	763.301	0	192.176	955.477
Eignir samtals	8.314.790	199.570	3.921.422	12.435.782
Vátryggingaskuld.....	8.192.319	197.159	0	8.389.478
Aðrar skuldir.....	357.219	77.705	0	434.924
Skuldir samtals	8.549.538	274.864	0	8.824.402
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	57.146	0	0	57.146

Skýring, frh.:

4. Starfsþáttayfirlit, frh.:

2015	Skaða- tryggingar	Líf- tryggingar	Fjármála- starfsemi	Heild
Iðgjöld ársins.....	5.528.792	236.021	0	5.764.813
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum.....	(250.843)	(38.981)	0	(289.824)
Fjármunatekjur.....	711.333	11.779	440.652	1.163.764
Umboðslaun.....	415	3.173	0	3.588
Aðrar tekjur.....	25.993	0	1.304	27.297
Heildartekjur starfsþátta	6.015.690	211.992	441.956	6.669.638
Tjón ársins.....	(4.545.559)	(35.550)	0	(4.581.109)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði.....	22.345	(2.959)	0	19.386
Rekstrarkostnaður.....	(1.098.234)	(165.684)	(115.544)	(1.379.462)
Rekstrarafkoma starfsþátta	394.242	7.799	326.412	728.453
Tekjuskattur.....	(55.345)	(14.750)	0	(70.095)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	338.897	(6.951)	326.412	658.358
Rekstrarfjármunir.....	74.995	4.898	0	79.893
Viðskiptavild.....	32.666	0	0	32.666
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur.....	4.409.227	85.728	2.833.597	7.328.552
Endurtryggingaeignir.....	191.363	45.727	0	237.090
Skatteign.....	148.527	0	0	148.527
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur.....	1.198.624	0	252.598	1.451.222
Handbært fé.....	1.878.553	0	173.421	2.051.974
Eignir samtals	7.933.955	136.353	3.259.616	11.329.924
Vátryggingaskuld.....	7.267.324	165.802	0	7.433.126
Aðrar skuldir.....	353.781	68.174	0	421.955
Skuldir samtals	7.621.105	233.976	0	7.855.081
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	50.972	0	0	50.972

Skýringar, frh.:

5. Tekjur og gjöld af skaðatryggingum

Skaðatryggingar félagsins greinast þannig:

2016	Eigna- tryggingar	Sjó- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar
Iðgjöld ársins	1.281.251	234.920	3.096.374	1.037.938
Tjón ársins	(819.561)	(89.159)	(2.913.188)	(893.693)
Rekstrarkostnaður	(295.571)	(19.193)	(612.270)	(204.725)
Hluti endurtryggjenda	(100.773)	(49.668)	(40.591)	(9.913)
Fjármunatekjur og umboðslaun	66.894	3.816	340.853	49.268
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	132.240	80.716	(128.822)	(21.125)
		Ábyrgða- tryggingar	Slysa & sjúkra- tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins		271.047	579.256	6.500.786
Tjón ársins	(192.325)	(301.313)	(5.209.239)
Rekstrarkostnaður	(53.740)	(92.125)	(1.277.624)
Hluti endurtryggjenda	(14.546)	(39.713)	(255.204)
Fjármunatekjur og umboðslaun		37.614	63.528	561.973
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		48.050	209.633	320.692
2015	Eigna- tryggingar	Sjó- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar
Iðgjöld ársins	1.199.674	190.425	2.561.755	821.104
Tjón ársins	(960.251)	(79.970)	(2.344.207)	(779.180)
Rekstrarkostnaður	(253.692)	(16.474)	(527.152)	(175.717)
Hluti endurtryggjenda	(89.251)	(49.022)	(28.092)	(8.504)
Fjármunatekjur og umboðslaun	86.247	7.437	438.784	59.445
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(17.273)	52.396	101.088	(82.852)
		Ábyrgða- tryggingar	Slysa & sjúkra- tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins		244.554	511.280	5.528.792
Tjón ársins	(86.751)	(295.200)	(4.545.559)
Rekstrarkostnaður	(46.126)	(79.073)	(1.098.234)
Hluti endurtryggjenda	(33.215)	(20.414)	(228.498)
Fjármunatekjur og umboðslaun		53.172	92.656	737.741
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		131.634	209.249	394.242

Skýringar, frh.:

	2016	2015
6. Eigin iðgjöld		
Eigin iðgjöld greinast þannig:		
Bókfærð iðgjöld	7.397.816	6.007.425
Hluti endurtryggjenda	(289.411)	(289.824)
Breyting á iðgjaldaskuld	(586.529)	(242.612)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	3.920	0
Eigin iðgjöld	<u>6.525.796</u>	<u>5.474.989</u>
7. Fjárfestingatekjur		
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af innlánum	78.229	101.233
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	163.165	122.980
Gengismunur	(875)	(629)
Fjármunatekjur samtals	<u>240.519</u>	<u>223.584</u>
Gangvirðisbreytingar fjáreigna greinast þannig:		
Hagnaður af innlausn fjáreigna	44.156	295.444
Fenginn arður	17.970	16.337
Aðrar gangvirðisbreytingar	551.107	628.399
Gangvirðisbreytingar fjáreigna samtals	<u>613.233</u>	<u>940.180</u>
Fjárfestingatekjur samtals	<u>853.752</u>	<u>1.163.764</u>
8. Eigin tjón		
Eigin tjón greinast þannig:		
Bókfærð tjón	(4.916.407)	(4.227.124)
Hluti endurtryggjenda	90.622	71.651
Breyting á tjónaskuld	(369.823)	(353.984)
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	(83.006)	(52.266)
Eigin tjón	<u>(5.278.614)</u>	<u>(4.561.723)</u>
9. Rekstrarkostnaður		
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	863.875	804.585
Sölu-kostnaður	445.239	306.015
Annar rekstrarkostnaður	240.329	249.474
Afskriftir rekstrarfjármuna	40.252	30.989
Rekstrarkostnaður, samtals	<u>1.589.695</u>	<u>1.391.063</u>
10. Laun og launatengd gjöld		
Laun	644.456	587.990
Lífeyrисиðgjöld	73.374	65.305
Tryggingagjald	51.656	49.577
Fjársýsluskattur	40.035	36.405
Áunnið orlof, breyting	7.772	17.800
Annar starfsmannakostnaður	46.582	47.508
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>863.875</u>	<u>804.585</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í stöðugildi	68	67
Upplýsingar tengdar launum og öðrum greiðslum til forstjóra, stjórnarmanna og lykilstarfsmanna má finna í skýringu 33.		

Skýringar, frh.:

	2016	2015
11. Virðisrýrnun		
Virðisrýrnun greinist þannig:		
Breyting á virðisrýrnun	2.897 (4.628)
Innheimt áður afskrifuð iðgjöld	(9.392)	(6.973)
Virðisrýrnun samtals	(6.495)	(11.601)

12. Tekjuskattur

Tekjuskattur greinist þannig:

Skattur ársins	18.510	14.778
Frestaður tekjuskattur	59.052	55.317
Gjaldfærður tekjuskattur samtals	77.562	70.095

	2016		2015	
Virkur tekjuskattur				
Hagnaður fyrir skatt	564.100		728.453	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% (112.820)		20,0% (145.691)	
Óskattskyldar tekjur	(6,2%) 35.241	(10,3%)	74.680	
Aðrir liðir	(0,0%) 17	(0,1%)	916	
Virkur tekjuskattur	13,7% (77.562)	9,6%	(70.095)	

13. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut er reiknaður á eftirfrandi hátt:

	2016	2015
Hagnaður ársins	486.538	658.358
Meðalfjöldi hluta á árinu	942.517	899.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,52	0,73

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut þar sem hvorki hafa verið gerðir kaupréttasamningar né gefin út breytanleg skuldabréf.

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.....	183.923	139.280
Viðbót á árinu.....	57.146	50.972
Selt og niðurlagt á árinu.....	(719)	(6.329)
Heildarverð 31.12.....	240.350	183.923
Uppsafnaðar afskriftir.....	104.030	76.429
Afskrift ársins.....	42.157	30.989
Selt og niðurlagt á árinu.....	(8)	(3.388)
Afskrift samtals 31.12.....	146.179	104.030
Bókfært verð 31.12.....	94.171	79.893
Afskriftahlutfall.....	20-33%	20-33%

Vátryggingarverðmæti bifreiða, áhaldna og tækja í árslok 2016 nam 116,9 millj. kr. (2015: 114,9 millj. kr.)

Skýringar, frh.:

15. Viðskiptavild

Viðskiptavild félagsins samanstendur af einni sjóðsskapandi einingu, skaðatryggingastarfsemi vegna kaupa á váttryggingastarfsemi sem var síðar sameinað Verði tryggingum hf. Í árslok 2016 var framkvæmt árlegt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni, sem miðast við afvaxtað framtíðarsjóðstreymi til fimm ára. Endurheimtanlegt virði trygginga er reiknað á grundvelli nýtingarvirðis þeirra. Nýtingarvirði einingarinnar var ákvarðað með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi af áframhaldandi starfsemi hennar. Engin virðisrýrnun hefur verið færð, niðurstaða virðisrýrnunarprófsins var sú að endurheimtanlegt virði er töluvert yfir bókfærðu verði.

16. Fjáreignir

a. Flokkun og gangvirði fjáreigna

Samkvæmt IAS 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat*, er fjáreignum og fjárskuldum skipt í nokkra flokka. Flokkunin hefur áhrif á hvernig fjármálagerningur er metinn. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er eftirfarandi:

- Fjáreignir tilgreindar á gangvirði eru færðar á gangvirði
- Lán og viðskiptakröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna:

	Fjáreignir á gangvirði	Lán og kröfur	Samtals
2016			
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	9.277.545	0	9.277.545
Viðskiptakröfur	0	1.738.269	1.738.269
Aðrar kröfur	0	106.968	106.968
Handbært fé	0	955.477	955.477
Fjáreignir samtals	9.277.545	2.800.714	12.078.259
2015			
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	7.328.552	0	7.328.552
Endurtryggingaeignir	0	25.214	25.214
Viðskiptakröfur	0	1.353.593	1.353.593
Aðrar kröfur	0	88.541	88.541
Handbært fé	0	2.051.974	2.051.974
Fjáreignir samtals	7.328.552	3.519.322	10.847.874

b. Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Verðmatsaðferðir byggja á öðrum breytum en skráðu verði á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verðum). Á þessu stigi eru eignir sem verðmetnar eru með því að nota verð á virkum markaði fyrir áþekkar eignir, skráð verð fyrir líkar eignir á mörkuðum sem eru taldir minna virkir, eða verðmatsaðferðir þar sem hægt er að fylgjast með í markaðsgögnum öllum mikilvægum breytum beint eða óbeint.

Stig 3: Forsendur verðmatsaðferða eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna að teknu tilliti til þarfa á leiðréttingum og breytingum á forsendum til þess að meta mismuninn á eignunum.

Skýringar, frh.:

16. Fjáreignir, frh.:

Stigkerfi gangvirðis

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
2016				
Fjáreignir á gangvirði	8.253.304	375.605	648.636	9.277.545
2015				
Fjáreignir á gangvirði	6.373.541	576.764	378.247	7.328.552

Á árinu 2016 voru engin verðbréf færð milli stiga. Á árinu 2015 voru sértryggð skuldabréf að fjárhæð 787,0 millj. kr. endurflokkuð úr stigi 2 til stigs 1.

Breytingar á eignum sem falla undir stig 3 greinast þannig:	2016	2015
Staða 1.1.	378.247	329.431
Keypt	80.050	29.466
Selt / endurgreitt	(2.791)	(10.041)
Vextir, gangvirðisbreyting	193.130	29.391
Staða 31.12.	648.636	378.247

17. Fjáreignir

Fjáreignir á gangvirði greinast þannig:

Skráð hlutabréf	1.629.311	1.657.228
Skráð ríkistryggð skuldabréf	4.512.058	1.967.042
Skráð ríkistryggð hlutdeildarskírteini	343.380	998.049
Önnur skráð hlutdeildarskírteini	967.909	845.054
Skuldabréf útgefin af sveitarfélögum	313.206	332.012
Önnur skráð skuldabréf	741.958	884.262
Óskráð hlutdeildarskírteini	520.110	527.126
Óskráð hlutabréf	249.613	117.779
Fjáreignir samtals.....	9.277.545	7.328.552

18. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:

Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld	114.650	197.656
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	18.140	14.220
Kröfur á endurtryggjendur.....	0	25.214
Endurtryggingaeignir samtals.....	132.790	237.090

19. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur tengdar váttryggingastarfsemi.....	1.774.790	1.387.217
Virðisrýrnun viðskiptakrafna.....	(36.521)	(33.624)
Viðskiptakröfur samtals:.....	1.738.269	1.353.593
Virðisrýrnun krafna greinist þannig:		
Virðisrýrnun í upphafi árs.....	33.624	38.252
Lækkun virðisrýrnunar.....	(6.586)	(11.601)
Endanlega tapaðar kröfur á árinu.....	9.483	6.973
Virðisrýrnun í lok árs.....	36.521	33.624

Skýringar, frh.:

20. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 1.073,1 millj. kr. í árslok 2016. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í lögbundinn varasjóð sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið binda óinnleystan hagnað af matsbreytingum á fjáreignum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði gegnum rekstur og færa á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta sem arði, að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á.

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið binda hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttækinn arð.

Enn ríkir nokkur óvissa um túlkun og framkvæmd lagabreytinga vegna óinnleysts hagnaðar af fjáreignum sem hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttækinn arð og því gæti framsetning skýringar tekið breytingar á næstu misserum.

21. Gjaldþol

Gjaldþol samkvæmt Solvency II byggir á leiðréttu eigin fé félagsins, það er bókfært eigið fé að frádregnum óefnislegum eignum, væntanlegum arðgreiðslum og að teknu tilliti til leiðréttinga vegna Solvency II reglna um mat á eigin váttryggingaskuld. Gjaldþol samstæðunnar samkvæmt staðalformúlu Solvency II er 3.609,0 millj. kr. (2015: 3.310,0 millj. kr.) og Solvency II gjaldþolshlutfallið 141%(2015: 136%).

	2016	2015
Eigið fé samkvæmt ársreikningi.....	3.611.380	3.474.843
Leiðrétting til samræmis við matsreglur Solvency II.....	86.499	272.452
Skatteign.....	(56.169)	(54.646)
Viðskiptavild.....	(32.666)	(32.666)
Ráðgerð arðgreiðsla.....	(100.000)	(350.000)
Reiknað gjaldþol.....	<u>3.509.044</u>	<u>3.309.983</u>
Gjaldþolskrafa.....	2.488.989	2.428.998
Gjaldþolshlutfall.....	141%	136%

22. Váttryggingaskuld

	2016	2015
Váttryggingaskuld (heild):		
Tilkynnt tjón	4.410.930	4.097.329
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	<u>1.071.813</u>	<u>1.015.591</u>
Tjónaskuld	5.482.743	5.112.920
Iðgjaldaskuld	<u>2.906.735</u>	<u>2.320.206</u>
Váttryggingaskuld samtals.....	<u>8.389.478</u>	<u>7.433.126</u>
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Tilkynnt tjón	70.814	156.114
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	<u>43.836</u>	<u>41.541</u>
Tjónaskuld	114.650	197.655
Iðgjaldaskuld	<u>18.140</u>	<u>14.220</u>
Hlutdeild endurtryggjenda	<u>132.790</u>	<u>211.875</u>

Skýringar, frh.:

22. Vátryggingarskuld, frh.:

	2016	2015
Eigin vátryggingaskuld:		
Tilkynnt tjón	4.340.116	3.941.215
Áætlun vegna orðinna en ótilkynnta tjóna	1.027.977	974.050
Tjónaskuld	5.368.093	4.915.265
Iðgjaldaskuld	2.888.595	2.305.986
Eigin vátryggingaskuld samtals	8.256.688	7.221.251

Áætlun vegna tilkynnta tjóna og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynnta tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2016 og 2015 er óverulegt.

Tjónaskuld er mat félagsins á fjárhæð úppgerðra tjónsatburða á uppgjörstegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat félagsins á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstegi.

Þróun vátryggingaskuldar greinist þannig:

	2016			2015		
	Heild	Hlutdeild endurtryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endurtryggjenda	Í eigin hlut
<i>Tjónaskuld:</i>						
Tilkynnt tjón	4.097.329	(156.113)	3.941.216	3.816.078	(172.030)	3.644.048
Áætluð ótilkynnt tjón	1.015.591	(41.541)	974.050	920.590	(41.541)	879.049
Tjónaskuld í upphafi árs:	5.112.920	(197.654)	4.915.266	4.736.668	(213.571)	4.523.097
Greidd tjón	(4.770.877)	60.132	(4.710.745)	(4.169.308)	48.261	(4.121.047)
Breyting tjónaskuldar vegna:						
tjóna ársins	2.110.393	(2.420)	2.107.973	1.764.588	(4.474)	1.760.114
tjóna fyrri ára	3.030.307	25.292	3.055.599	2.780.971	(27.870)	2.753.101
Tjónaskuld í lok árs.....	5.482.743	(114.650)	5.368.093	5.112.919	(197.654)	4.915.265
Tilkynnt tjón	4.410.930	(70.814)	4.340.116	4.097.329	(156.113)	3.941.216
Áætluð ótilkynnt tjón.....	1.071.813	(43.836)	1.027.977	1.015.590	(41.541)	974.049
Tjónaskuld í lok árs	5.482.743	(114.650)	5.368.093	5.112.919	(197.654)	4.915.265

	2016			2015		
	Heild	Hlutdeild endurtryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endurtryggjenda	Í eigin hlut
<i>Iðgjaldaskuld:</i>						
Iðgjaldaskuld í upphafi árs	2.320.207	(14.220)	2.305.987	2.108.382	(14.220)	1.990.166
Breyting á árinu.....	586.528	(3.920)	582.608	211.825	0	211.825
Iðgjaldaskuld í lok árs...	2.906.735	(18.140)	2.888.595	2.320.207	(14.220)	2.201.991

Skýringar, frh.:

22. Vátryggingarskuld, frh.:

Félagið notar tölfraeðiaðferðir við að áætla endanlegan kostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum.

Tjónaskuld vegna tilkynntra tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Starfsfólk tjónasviðs vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurmat á tjónsáætlunum. Ef ekki eru fyrirliggjandi betri upplýsingar er meðaltjónsfjárhæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð.

Liðurinn ótilkynnt tjón er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Í frumtryggingum byggist matið á tjónareynslu. Þessi áætlun er unnin hálfárslega.

23. Skatteign

Skatteign greinist þannig:	2016	2015
Skatteign 1.1.....	148.527	203.844
Tekjuskattur ársins.....	(77.562)	(70.095)
Ógreiddur skattur.....	18.387	14.778
Skatteign 31.12.....	<u>89.351</u>	<u>148.527</u>

Skatteign greinist á eftirtalda liði:

Rekstrarfjármunir.....	(6.722)	(8.022)
Viðskiptakröfur.....	6.494	6.253
Yfirfæranlegt skattalegt tap.....	89.405	150.121
Gengismunur.....	174	175
Skatteign 31.12.....	<u>89.351</u>	<u>148.527</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt til ársins 2018. Það er mat stjórnenda félagsins að tapið muni nýtast á móti framtíðarhagnaði í samræmi við samþykktar áætlanir stjórnar.

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir.....	89.038	57.195
Fyrirframgreidd iðgjöld.....	66.047	128.232
Skuldir vegna endurtrygginga.....	65.970	58.393
Aðrar skammtímaskuldir og áfallin gjöld.....	195.482	163.357
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals.....	<u>416.537</u>	<u>407.177</u>

Skýringar, frh.:

Áhættustýring

25. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja starfsemi félagsins:

- váttryggingaáhætta
- markaðsáhætta
- mótaðilaáhætta
- lausafjáraáhætta
- rekstraráhætta
- eiginfjáraáhætta

Í skýringum 26-31 er gerð grein fyrir þeim áhættuþáttum sem félagið býr við vegna ofangreindrar áhættu, markmiðum, stefnu og aðferðum þess við áhættumat, áhættustjórnun og eiginfjárstýringu.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að greina þá áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og mat á áhættum er yfirfarið reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Með starfsþjálfun stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn félagsins eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Fjárfestingastefna félagsins ákvarðar hvernig eignum þess skuli dreift til þess að það nái fjárfestingarmarkmiðum sínum. Frávik frá stefnu og vikmörkum eigna og samsetning eignasafnsins eru reglulega yfirfarin af starfsmönnum og stjórn félagsins.

26. Váttryggingaáhætta

Félagið stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna fjáreigna sinna, endurtryggingaeigna og váttryggingaskuldar. Megin fjárhagsleg áhætta félagsins er að fjáreignir nægi ekki fyrir skuldbindingum vegna váttryggingasamninga þess.

Váttryggingasamningar

Félagið jafnar váttryggingaskuld sína með safni verðbréfa og fjárfestingaeigna sem háðar eru markaðsáhættu.

Félagið hefur fjárfest í ríkistryggðum verðbréfum og handbæru fé í eignasafni sínu í þeim tilgangi að draga úr áhættu.

Fjáreignir tengdar váttryggingarsamningnum:	2016	2015
Skráð verðbréf á OMX Nordic	8.507.822	6.683.647
Óskráð verðbréf	769.723	644.905
Viðskiptakröfur	1.738.269	1.353.593
Aðrar kröfur	106.968	88.541
Handbært fé	955.477	2.051.974
Samtals	<u>12.078.259</u>	<u>10.822.660</u>
Eigin váttryggingaskuld	<u>8.256.688</u>	<u>7.221.251</u>

Váttryggingasamningar eru ónæmir fyrir markaðsvöxtum, þar sem þeir eru ekki núvirtir og bera ekki samningsbundna vexti. Félagið jafnar sjóðsflæði af eignum og skuldum í safni sínu með því að áætla meðallíftíma þeirra.

Meðallengd váttryggingaskuldbindinga er reiknuð með því að nota sögulegar upplýsingar samstæðunnar til að ákvarða uppgjörsmynstur fyrir tjónakröfur vegna váttryggingasamninga í efnahagsreikningi, bæði tilkynnt tjón og orðin en ótilkynnt tjón á reikningsskiladegi. Meðallengdin greinist þannig:

Skýringar, frh.:

26. Vátryggingaráhætta, frh.:

	2016	2015
Vátryggingarskuld - skaðaaáhætta (ár)	0,80	0,80
Vátryggingarskuld - slysaáhætta (ár)	2,25	2,25

Eftirfarandi töflur sýna áætlað sjóðsflæði, án vaxta, vegna þeirra eigna og skulda sem tilheyra vátryggingasamningum félagsins í árslok:

	Bókfært verð	Áætlað sjóðsflæði					
		Án gjaldþaga	0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	> 4 ár
2016							
Fjáreignir, tengdar vátryggingasamningum							
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:							
Skráð verðbréf	8.507.822	1.629.311	1.789.330	533.944	1.112.896	1.966.762	1.475.579
Óskráð verðbréf	769.723	448.303			30.000	232.732	58.688
Verðbréf samtals ...	9.277.545	2.077.614	1.789.330	533.944	1.142.896	2.199.494	1.534.267
Viðskiptakröfur	1.738.269		1.738.269				
Aðrar kröfur	106.968		106.968				
Handbært fé	955.477		955.477				
Samtals	12.078.259	2.077.614	4.590.044	533.944	1.142.896	2.199.494	1.534.267

	Áætlað sjóðsflæði						
Tjónaskuld, eigin ...	8.256.688	0	3.897.103	2.359.351	1.070.652	456.562	473.021
Mism. á sjóðsflæði	3.821.571	2.077.614	692.941	(1.825.407)	72.244	1.742.932	1.061.246

	Bókfært verð	Áætlað sjóðsflæði					
		Án gjaldþaga	0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	> 4 ár
2015							
Fjáreignir, tengdar vátryggingasamningum							
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:							
Skráð verðbréf	6.683.647	1.657.228	918.979	21.981	414.939	632.507	3.038.013
Óskráð verðbréf	644.905	644.905					
Verðbréf samtals ...	7.328.552	2.302.133	918.979	21.981	414.939	632.507	3.038.013
Viðskiptakröfur	1.353.593		1.353.593				
Aðrar kröfur	88.541		88.541				
Handbært fé	2.051.974		2.051.974				
Samtals	10.822.660	2.302.133	4.413.087	21.981	414.939	632.507	3.038.013

	Áætlað sjóðsflæði						
Tjónaskuld,eigin	7.221.251	0	3.546.340	1.979.054	897.700	383.638	414.519
Mism. á sjóðsflæði	3.601.409	2.302.133	866.747	(1.957.073)	(482.761)	248.869	2.623.494

Skýringar, frh.:

26. Vátryggingaráhætta, frh.:

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu vátryggingarskuldar eftir tryggingartegundum:

	31. desember 2016			31. desember 2015		
	Hlutdeild endur-		Í eigin hlut	Hlutdeild endur-		Í eigin hlut
	Heild	tryggjenda		Heild	tryggjenda	
Ökutækjatrýggingar	3.834.070	5.652	3.828.418	3.451.094	19.896	3.431.198
Eignatrýggingar	413.881	18.125	395.756	430.641	37.444	393.197
Sjótryggingar	52.633	0	52.633	45.153	0	45.153
Ábyrgðatrýggingar	441.049	32.037	409.012	410.731	32.037	378.694
Slysa og sjúkdómatrýggingar	689.297	45.000	644.297	727.715	96.737	630.978
Líftryggingar	51.813	13.836	37.977	47.586	11.541	36.045
Samtals	5.482.743	114.650	5.368.093	5.112.920	197.655	4.915.265

Mikilvægar forsendur

Mat á vátryggingaskuld og þær forsendur sem notaðar eru byggja á mati stjórnenda. Þær forsendur sem notaðar eru byggja á reynslu, því að þróun tjóna til framtíðar fylgi svipuðu mynstri og í fortíðinni, innri upplýsingum, ytri markaðsupplýsingum og væntingum og öðrum útgefnum upplýsingum. Þetta hefur í för með sér mat tengt meðaltjónakostnaði, verðbólgu og tjónatíðni fyrir hvert tjónsár. Forsendur eru endurskoðaðar reglulega í þeim tilgangi að tryggja raunhæft og sanngjarnt mat.

Afkoma félagsins er næm fyrir eftirfarandi þáttum og sýnir taflan áhrif á afkomu félagsins eftir skatta.

	Forsendu- breyting	Vátrygginga skuld	Eigin vátrygginga skuld
2016			
Meðaltjón	+10%	548.274	413.237
Tjónatíðni	+10%	548.274	413.237
Meðal uppgjörstími tjóna	6 mánuðir styttri	-80.436	-201.396
2015			
Meðaltjón	+10%	511.292	478.011
Tjónatíðni	+10%	511.292	478.011
Meðal uppgjörstími tjóna	6 mánuðir styttri	-75.010	-82.735

Endurtryggingaráhætta

Endurtryggingaráhætta felst í því að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónum. Oft tekur langan tíma að gera upp tjón. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Félagið hefur sett sér endurtryggingastefnu þar sem fram kemur að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu félagið tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Hlutfallsleg skipting endurtryggjenda eftir lánshæfismati er eftirfarandi:

	2017	2016
AA	57,2%	30,9%
AA-	38,5%	35,0%
A+	1,1%	24,7%
A	0,2%	0,4%
A-	2,9%	9,0%
Samtals	100,0%	100,0%

Skýringar, frh.:

26. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði skuldabréfa, vaxta og hlutabréfa hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna félagsins við stýringu markaðsáhattu ræðst af fjárfestingarmarkmiðum þess. Starfsmenn félagsins fylgjast með daglegum breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu félagsins á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

Vaxtaáhætta

Stór hluti fjáreigna félagsins eru vaxtaberandi ríkisskuldabréf. Næmnigreining fyrir vaxtaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum á reikningsskiladegi. Markaðsvextir ársins 2016 voru frá 4,73% til 4,93% og 2,50% til 2,60% fyrir verðtryggð skuldabréf (2015: 4,13% til 7,48% og 2,24% til 3,54% fyrir verðtryggð skuldabréf). Fyrir fjáreignir og vátryggingasamninga tengist næmnigreiningin aðeins því fyrnefnda þar sem bókfært verð vátryggingasamninga er ekki næmt fyrir breytingum á markaðsáhættu. Laust handbært fé félagsins er fjárfest í skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en eins mánaðar.

Félagið hefur gert samkomulag við fjárvörsluaðila sem fylgjast með breytingum á markaðsvöxtum og bregðast við með fjárfestingum í mismunandi eignum í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Hækkun ávöxtunarkröfu um 100 punkta í árslok hefði leitt til 237,8 millj. kr. lækkunar á eignarsafni félagsins á árinu 2016 (2015: 322,1 millj. kr).

Verðáhætta

Næmnigreining fyrir verðáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefanda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaði.

Vegna þess að meirihluti fjáreigna félagsins er bókfærður á gangvirði og gangvirðisbreytingarnar færðar í rekstrarreikning, munu allar breytingar á aðstæðum á markaði hafa áhrif á fjárfestingatekjur félagsins.

Gjaldmiðlaáhætta

Félagið fjárfestir í fjármálagerningum og gerir samninga í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli þess. Þar af leiðandi stendur félagið frammi fyrir hættu á því að gengi gjaldmiðils þess miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna eða skulda félagsins sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Allar eignir og skuldir félagsins voru í íslenskum krónum í árslok 2016 og 2015.

27. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður, endurtryggjandi eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar við félagið. Stjórnendur félagsins reyna að lágmarka þennan áhættuþátt með því að ganga eingöngu til samninga við traustar og vel þekktar stofnanir.

Bókfært virði fjáreigna sýnir hámark mótaðilaáhættu. Hámark mótaðilaáhættu á uppgjörsdegi greinist þannig:

	2016	2015
Verðbréf	7.398.621	5.553.545
Endurtryggingareignir	0	25.214
Viðskiptakröfur	1.738.269	1.353.593
Aðrar kröfur	106.968	88.541
Handfært fé	955.477	2.051.974
Fjáreignir samtals	<u>10.199.335</u>	<u>9.072.867</u>

Skýringar, frh.:

27. Mótaðilaáhætta, frh.:

Eftirfarandi tafla sýnir fjáreignir félagsins eftir lánshæfismati útgefanda þeirra:

2016	AA-	BBB+	BBB	BB	Ekki skráð	Samtals
Verðbréf	0	3.252.055	741.057	1.207.933	2.197.576	7.398.621
Viðskiptakröfur	0	0	0	0	1.738.269	1.738.269
Aðrar kröfur	0	0	0	0	106.968	106.968
Handbært fé	0	0	955.477	0	0	955.477
Fjáreignir samtals	0	3.252.055	1.696.534	1.207.933	4.042.813	10.199.335
2015						
Verðbréf	0	0	1.805.155	1.026.211	2.722.179	5.553.545
Krafa á endurtryggjendur	25.214	0	0	0	0	25.214
Viðskiptakröfur	0	0	0	0	1.353.593	1.353.593
Aðrar kröfur	0	0	0	0	88.541	88.541
Handbært fé	0	0	2.051.821	0	153	2.051.974
Fjáreignir samtals	25.214	0	3.856.976	1.026.211	4.164.466	9.072.867

28. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Félagið þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Áhættustýring félagsins lágmarkar lausafjárahættu með því að sjá til þess að nægjanlegt handbært fé sé fyrir hendi á hverjum tíma.

Til að lágmarka þessa áhættu hefur félagið stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir félagsins, sem eru stór hluti af heildareignum þess, sé hægt að innleysa með stuttum fyrirvara.

Vænt sjóðsflæði eigna og skulda, án vaxta, er eftirfarandi:

2016	Óbundið	<1 ár	1-5 ár	>5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Eignir:						
Verðbréf	7.459.857	350.396			1.467.292	9.277.545
Viðskiptakröfur		1.353.593				1.353.593
Aðrar kröfur		88.541				88.541
Handbært fé	2.051.974					2.051.974
Fjáreignir samtals	9.511.831	1.792.530	0	0	1.467.292	12.771.653
Skuldir:						
Vátryggingarskuld		1.058.608	4.202.158	221.977		5.482.743
Iðgjaldaskuld		2.906.735				2.906.735
Viðskiptaskuldir		416.537				416.537
Fjárskuldir samtals:	0	4.381.880	4.202.158	221.977	0	8.806.015
Eignir - skuldir	9.511.831	(2.589.350)	(4.202.158)	(221.977)	1.467.292	3.965.638

Skýringar, frh.:

28. Lausafjánhætta, frh.:

2015	Óbundið	<1 ár	1-5 ár	>5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Eignir:						
Verðbréf	4.790.450	235.968			2.302.134	7.328.552
Kröfur á endurtryggjendur			25.214			25.214
Viðskiptakröfur		1.353.593				1.353.593
Aðrar kröfur		88.541				88.541
Handbært fé	2.051.974					2.051.974
Fjáreignir samtals	6.842.424	1.678.102	25.214	0	2.302.134	10.847.874
Skuldir:						
Vátryggingarskuld		1.389.494	3.531.803	191.622		5.112.919
Iðgjaldaskuld		2.320.207				2.320.207
Viðskiptaskuldir		421.955				421.955
Fjárskuldir samtals:	0	4.131.656	3.531.803	191.622	0	7.855.081
Eignir - skuldir	6.842.424	(2.453.554)	(3.506.589)	(191.622)	2.302.134	2.992.793

29. Rekstraráhætta

Félagið býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við ýmsa þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og skipulag, og tengsl við utanaðkomandi þætti aðra en láns-, markaðs- eða lausafjánhættur, s.s. lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga félagsins.

Markmið félagsins er að verjast rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír þess verði fyrir skaða. Þetta er gert með kostnaðaraðhaldi og skilvirkum starfsreglum.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir félagið meðal annars kröfur um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum, þjálfun starfsfólks og faglegri uppbyggingu fyrirtækisins.

30. Eiginfjánhætta

Eiginfjánhætta er hættan á að gæði eða magn eigin fjár séu ekki nægileg til að geta mætt kröfum um styrk til að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar þrátt fyrir áföll. Félagið framkvæmir eigið áhættu- og gjaldpósmat árlega (ORSA), en þar er fjárhagslegur styrkur metinn og jafnframt horft til framtíðar. Eiginfjánhættu er stýrt með því að tryggja félaginu nægt eigið fé á hverjum tíma.

Skýringar, frh.:

31. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að:

- Viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að hámarksstöðugleika og skapa þar með öryggi fyrir váttryggingataka.
- Viðhalda skilvirkri ráðstöfun fjármagns og stuðla að viðskiptaþróun með því að tryggja að ávöxtun eiginfjár uppfylli kröfur hluthafa.
- Ná fjárhagslegum sveigjanleika með því að viðhalda sterki lausafjárstöðu.
- Samræma samsetningu eigna og skulda þar sem tekið er tillit til viðeigandi áhættuþátta innan geirans.
- Viðhalda fjárhagslegum styrk til að mæta kröfum váttryggingataka, eftirlitsaðila og hagsmunaaðila og viðhalda heilbrigðu eiginfjárlutfalli til að styðja við viðskiptamarkmið félagsins og hámarka verðmæti hluthafa.

Nánar er fjallað um gjaldþol og eiginfjárstyrk félagsins í skýringu 20 og 21.

Starfsemi félagsins er háð lögum og reglum. Þær reglur og lög gera ekki aðeins ráð fyrir veitingu leyfa og eftirliti með rekstri heldur setja einnig hamlandi ákvæði (t.d. ákvæði um gjaldþolshlutfall) til að lágmarka hættu á vanskilum eða gjaldþroti tryggingafyrirtækja og til að mæta ófyrirsjáanlegum skuldbindingum eftir því sem þær koma upp. Eiginfjárstefna félagsins er að tryggja nægilegt fjármagn til að uppfylla lagaleg skilyrði eftirlitsaðila.

32. Skuldbindingar

Félagið leigir skrifstofu að Borgartúni 25, Reykjavík og í Krossmóa 4 í Reykjanesbæ. Samningstímabilin ná til 2020 og 2026. Leigugjöld eru bundin vísitölu og eru 4,2 millj. kr. á mánuði. Leiguskuldbindingin nemur 355,0 millj. kr. í árslok (2015: 243,7 millj. kr.).

Í árslok 2016 skuldbatt félagið sig að taka þátt í 100 millj.kr. fjárfestingu sem kemur til greiðslu 2017.

33. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, dótturfélag, stjórnarmenn, forstjóri og lykilstarfsmenn og aðilar þeim tengdir.

Hluthafar í árslok eru:	2016	2015
Arion banki hf.	99.99%	0,0%
BankNordik, Færeyjar	0,0%	99.99%

Viðskipti við tengda aðila

Sala á váttryggingasamningum og annari þjónustu:

Hluthafar og tengd félög.....	82.854	2.646
Lykilstarfsmenn og stjórnarmenn.....	3.339	4.467
	<u>86.193</u>	<u>7.113</u>

Kaup á þjónustu

Hluthafar og tengd félög	<u>14.569</u>	<u>9.938</u>
--------------------------------	---------------	--------------

Viðskipti við tengda aðila voru gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Laun og starfstengd hlunnindi til forstjóra, stjórnarmanna og lykilstarfsmanna:

Forstjóri og fimm lykilstarfsmenn.....	155.130	140.256
Stjórnarformaður.....	6.232	5.508
Aðrir stjórnarmenn.....	10.841	9.623
Heildarlaun og starfstengd hlunnindi.....	<u>172.203</u>	<u>155.387</u>

Kröfur og skuldir í efnahagsreikningi við tengda aðila greinast þannig:

Hluthafar og tengdir aðilar.....	(56)	54
Lykilstarfsmenn og stjórnarmenn.....	1.132	860
	<u>1.076</u>	<u>914</u>

Skýringar, frh.:

34. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins eru eftirfarandi:	2016	2015
Tjónahlutfall - tjón ársins / iðgjöld ársins	77,6%	79,5%
Endurtryggingarhlutfall	4,0%	4,6%
Kostnaðarhlutfall	21,0%	21,7%
Samsett hlutfall (tjón + endurtryggingar + kostnaður)	102,6%	105,8%
Arðsemi eigin fjár	14,4%	22,8%
Eiginfjárlutfall	29,0%	30,7%

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast á því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfirráð náist og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að laga þær aðferðum samstæðunnar.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðuársreiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli félagsins á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Rekstrarkostnaður og sala í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, kröfur á endurtryggjendur, handbært fé, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir sem falla undir skilgreiningu á fjárskuld.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiður færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna þeirra rennur út eða ef félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Kröfur eru færðar þann dag sem þær verða til. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar félagsins sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Verðbréf

Verðbréf eru í efnahagsreikningi flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið tilgreind þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Þetta á einnig við um eignir sem skilgreindar eru á móti váttryggingaskuld. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iii) Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru fjáreignir, aðallega vegna tryggingasamninga, sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðar á opinberum markaði.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(iv) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum innstæðum hjá fjármálastofnunum og auðseljanlegum fjáreignum sem eru á gjalddaga innan þriggja mánaða frá kaupdegi, auðveldlega er hægt að umbreyta í reiðufé og hætta á verðbreytingum er óveruleg.

(v) Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir samstanda að mestu leyti af áföllnum rekstrarkostnaði.

(vi) Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afföllum eða yfirverði sem fundið er með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

(vii) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignir og skuldir samtímis.

(viii) Mat á gangvirði

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Félagið metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Ef markaður fyrir fjármálagerning er ekki virkur metur félagið gangvirðið á grundvelli matsaðferða, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjármálagerninga og núvirt sjóðsflæði. Sú matsaðferð sem notuð er hámarkar notkun markaðsupplýsinga en takmarkar eins og hægt er forsendur sem ekki byggjast á markaðsupplýsingum. Matið byggir einnig á öllum þeim þáttum sem markaðsaðilar taka tillit til við verðákvarðanir og er í samræmi við viðurkenndar verðmatsaðferðir fyrir fjármálagerninga. Breytur í matsaðferðum endurspeglar á áreiðanlegan hátt væntingar á mörkuðum og mat á þeim áhættuþáttum sem fjármálagerningurinn felur í sér. Félagið notar óháða matssérfræðinga sem meta gangvirðið á grundvelli matslíkana, aðgengilegra markaðsupplýsinga og faglegs mats. Félagið yfirfer matsaðferðirnar og prófar gildi þeirra með notkun markaðsviðskipta sambærilegra gerninga eða byggir á öðrum aðgengilegum markaðsupplýsingum.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Innifalinn er kostnaður sem rekja má beint til kaupa á eigninni.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími er 3 til 5 ár.

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild er aðeins færð til eignar ef hún hefur myndast við kaup á dótturfélögum eða yfirtöku á starfsemi. Eignfærsla hennar miðast við yfirtökudag og heildargangvirði yfirfærðs endurgjalds, bókfært virði minnihluta í yfirtekna félaginu og gangvirði fyrri hlutdeildar í yfirtekna félaginu að fráregnu gangvirði yfirtekinnna eigna og skulda miðað við yfirtökudag. Endurgjald samanstendur af gangvirði yfirfærðra eigna og skulda og eiginfjárgerningum sem gefnir eru út af samstæðunni. Endurgjaldið felur einnig í sér gangvirði hugsanlegs viðbótarendurgjalds.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að fráreginni uppsafnaðri virðisrýmun. Virðisrýmunarpróf er framkvæmt árlega eða oftar ef atburðir eða breytingar gefa til kynna virðisrýmun á bókfærðu verði viðskiptavildar. Viðskiptavildinni er ráðstafað á yfirtökudegi til allra sjóðskapandi eininga samstæðunnar sem ætlað er að njóti samlegðar af sameiningunni óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum hefur verið ráðstafað til þessara eininga. Hver eining sem viðskiptavild er ráðstafað til endurspeglar minnstu einingu innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni sem hluta af innri stjórnum.

f. Virðisrýmun

Virðisrýmun eigna sem ekki teljast fjáreignir

Eignir sem hafa ótilgreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en fara árlega í virðispróf. Hvenær sem atburðir eða breyttar aðstæður valda því að vísbendingar eru um að bókfært verð sé ekki enduheimtanlegt fara þær í gegnum mat á virðisrýmun. Virðisrýmun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Til þess að meta virðisrýmun er eignum skipt niður í minnstu aðgreinanlegu hópa eigna sem mynda aðgreinanlegt sjóðstreymi. Eignir sem ekki teljast fjáreignir, aðrar en viðskiptavild, eru metnar á hverjum uppgjörsteymi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýmun hafi minnkað eða horfið.

Virðisrýmun fjáreigna

Fjáreignir sem ekki eru metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýmun. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu eignarinnar benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýmun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Öll virðisrýmun sem sérstakur liður í rekstrarreikningi.

Virðisrýmun er bækfærð ef hægt er að tengja bækfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýmunin var færð. Bækfærsla virðisrýmunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

g. Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til félagsins.

(i) Skilgreining tryggingasamninga

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykka að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er öll áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Vátryggingasamningar, frh.:

(ii) Skaðatryggingar og slysatryggingar

Tryggingasamningar í þessum flokki eru ábyrgðatryggingar, slysatryggingar og eignatryggingar.

Ábyrgða- og slysatryggingasamningar bæta tjón sem hinn vátryggði veldur þriðja aðila vegna afleiðinga lögmætra aðgerða hans og bætir einnig hinum vátryggða það tjón sem hann verður fyrir í samræmi við skilmála tryggingasamningsins.

Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón eigna veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

(iii) Vátryggingarskuld

Félagið metur á uppgjörsdegi hvort skráð tjónaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar þess með því að meta framtíðarfjárlæði tjónaskuldarinnar. Allar breytingar á tjónaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

(iv) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu félagsins. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættu umfram umsamda fjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir, sem og hlutdeild þeirra í iðgjöldum. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga er hlutdeild endurtryggjenda í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem færð eru í rekstrarreikning við endurnýjun samninganna.

h. Eigið fé og varasjóðir

(i) Hlutfé

Þegar félagið kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

(ii) Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé samanstendur af uppsöfnuðum hagnaði og tapi af rekstri félagsins að frádregnum útborguðum arði til hluthafa, yfirfærslu í lögbundinn varasjóð, óinnleyst gangvirði og óinnleystan hagnað dótturfélaga. Óráðstöfuðu eigið fé er heimilt að úthluta til hluthafa í formi arðs. Hins vegar takmarka gjaldþolsskilyrði mögulegar arðgreiðslur.

(iii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af hluthöfum á aðalfundi.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar talið er að félagið beri lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Tekjur og gjöld af váttryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádragnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Umboðslaun

Umboðslaun í rekstrarreikningi eru þóknun frá endurtryggjendum reiknuð sem hlutfall af endurtryggingariðgjöldum fyrstu 12 mánuði af hverjum samningi. Félagið fær einnig umboðslaun sem eru reiknuð árlega fyrir allt safnið en þessi umboðslaun eru háð sölurangri hvers árs.

(iii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppgerðra tjóna, auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

k. Tekjur og gjöld af fjárfestingum

(i) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta nákvæmlega væntar framtíðargreiðslur á væntum líftíma fjáreigna eða fjárskulda og endurspegla virkir vextir bókfært verð fjáreigna og fjárskulda. Virkir vextir myndast við upphaflega skráningu fjáreigna og fjárskulda og eru ekki endurskoðaðir síðar á líftímanum. Útreikningur virkra vaxta felur í sér allar þóknarir og álag eða frádrag, greitt eða móttakið, viðskiptakostnað og aföll eða yfirverð sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum. Viðskiptakostnaður er kostnaður sem hægt er að rekja beint til yfirtöku, útgáfu eða afskráningar fjáreigna eða fjárskulda.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum og fjárskuldum sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta og vexti af handbæru fé.

(ii) Gangvirðisbreytingar fjáreigna

Gangvirðisbreytingar fjárfestinga í verðbréfum samstanda af breytingum á gangvirði, arðgreiðslum, vaxtatekjum og verðbótum.

(iii) Gengismunur

Gengismunur samstandur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Nettó gengismunur er færður í rekstrarreikning með fjármunatekjum.

l. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samstandur af markaðskostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna og öðrum kostnaði.

m. Starfstengd hlunnindi

Félagið greiðir framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði, þar sem greidd eru föst framlög til almennra lífeyrissjóða á grundvelli laga. Á félagsins hvílir ekki önnur greiðsluskylda eftir að þessi framlög hafa verið greidd. Framlöggin eru færð til gjalda eftir því sem þau falla til.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna upphaflegrar skráningar eigna eða skulda sem hafa ekki áhrif á reikningshaldslega eða skattalega afkomu.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörssdegi. Skatteign og tekjuskattskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskattsskuld og skatteign og þegar skattarnir munu verða lagðir á af sömu skattyfirvöldum á sama fyrirtæki, eða á fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

o. Hagnaður á hlut

Félagið birtir í ársreikningnum grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

p. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleidd

Félagið hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir og breytingar á stöðlum sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir árið 2016 og eru viðeigandi fyrir félagið. Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi fyrir árið 2016 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings. Ekki er talið að þessir staðlar og túlkanir muni hafa veruleg áhrif á ársreikning félagsins þegar þær taka gildi.

q. Lykilþættir í óvissu á mati

(i) Endanleg fjárhæð tjónabóta

Mat á endanlegri fjárhæð væntra tjónabóta félagsins vegna gerðra tryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat þess. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu og hafa áhrif á endanlegar tjónagreiðslur. Meðal þessara óvissuþátta eru áætlanir um tjónafjölda, fjárhæð meðaltjóns, veðurfarsbreytingar og verðbólga.

(ii) Ákvörðun á gangvirði fjármálagerninga

Eins og fram hefur komið eru verðbréf félagsins metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggir á viðurkenndum aðferðum.

Mat á gangvirði er gert á ákveðnum tímamarki, sem tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, svo sem vöxtum, flökti og mati á sjóðsflæði.

(iii) Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Niðurfærsluþörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðsflæði af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðsflæði, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga. Breytingar á forsendum geta haft áhrif á bókfært gangvirði fjármálagerninga.

Viðauki við skýringu 22 (óendurskoðað)

Þróun tjónaskuldar

Þróun tjónaskuldar félagsins á síðustu tíu árum og staða hennar í árslok 2016 er sýnd hér að neðan.

Til viðbótar við framtíðarspár er þróun váttryggingaskuldar mælikvarði á getu félagsins til að ákvarða endanlega tjónafjárhæð. Í fyrri töflunni (heildarfjárhæðir) kemur fram hvernig heildarfjárhæð tjóna hefur þróast síðustu ár. Í síðari töflunna (tjón í eigin hlut) hefur hlutdeild endurtryggjenda verið dregin frá þeim fjárhæðum sem birtar eru í efri hlutanum.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Heildarfjárhæðir												
Mat á endanlegum tjónakostnaði:												
-Í lok tjónsárs	1.799.967	1.993.186	2.647.351	2.911.913	3.015.332	3.266.017	3.304.958	3.611.714	4.046.844	4.610.736	5.109.927	
-einu ári síðar	1.898.014	2.215.980	2.860.711	3.144.359	2.961.934	3.157.087	3.121.851	3.414.719	4.114.702	4.432.625		
-tveimur árum síðar	1.983.043	2.317.461	2.874.252	3.213.480	3.008.500	3.216.608	3.199.509	3.445.831	4.267.006			
-þremur árum síðar .	2.045.151	2.305.393	2.893.948	3.244.372	2.937.440	3.199.399	3.043.039	3.480.154				
-fjórum árum síðar ..	2.068.379	2.248.921	2.880.835	3.276.592	2.918.452	3.243.613	3.072.851					
-fimm árum síðar	2.058.237	2.264.551	2.868.091	3.260.097	2.879.940	3.236.786						
-sex árum síðar	2.066.684	2.269.915	2.880.042	3.265.492	2.905.558							
-sjö árum síðar	2.093.709	2.274.302	2.879.360	3.286.117								
-átta árum síðar	2.055.548	2.268.638	2.888.296									
-níu árum síðar	2.047.355	2.268.041										
-tíu árum síðar	2.048.352											
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2016	2.048.352	2.268.041	2.888.296	3.286.117	2.905.558	3.236.786	3.072.851	3.480.154	4.267.006	4.432.625	5.109.927	36.995.713
Uppsafnaðar tjónagreiðslur í árslok	(2.042.656)	(2.253.369)	(2.882.235)	(3.276.349)	(2.880.971)	(3.164.760)	(2.950.011)	(3.267.879)	(3.593.038)	(2.911.439)	(2.342.076)	(31.564.783)
Tjónaskuld samtals .	5.696	14.672	6.061	9.768	24.587	72.026	122.840	212.275	673.968	1.521.186	2.767.851	5.430.930
Tjónaskuld vegna eldri ára												51.813
Tjónaskuld alls í árslok 2016												5.482.743

Viðauki við skýringu 22 (óendurskoðað)

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Tjón í eigin hlut												
Mat á endanlegum tjónakostnaði:												
-Í lok tjónsárs	1.598.371	1.769.949	2.350.848	2.585.779	2.677.615	2.900.223	3.003.546	3.503.363	3.884.970	4.525.147	5.015.072	
-einu ári síðar	1.685.436	1.967.790	2.540.311	2.792.191	2.630.197	2.869.161	3.028.195	3.278.130	4.038.321	4.350.342		
-tveimur árum síðar	1.760.942	2.057.905	2.552.336	2.853.570	2.734.125	3.120.110	3.071.529	3.381.866	4.187.798			
-þremur árum síðar .	1.816.094	2.047.189	2.569.826	2.948.485	2.849.317	3.071.423	2.986.551	3.415.552				
-fjórum árum síðar ..	1.836.721	1.997.042	2.618.103	3.178.294	2.801.714	3.183.402	3.015.810					
-fimm árum síðar	1.827.714	2.058.024	2.782.048	3.129.693	2.826.480	3.176.702						
-sex árum síðar	1.878.202	2.201.818	2.764.840	3.204.875	2.851.622							
-sjö árum síðar	2.030.898	2.183.330	2.825.911	3.225.117								
-átta árum síðar	1.973.326	2.226.525	2.834.681									
-níu árum síðar	2.009.350	2.225.940										
-tíu árum síðar	2.010.329											
Mat á uppsöfnuðum tjónum												
í árslok 2016	2.010.329	2.225.940	2.834.681	3.225.117	2.851.622	3.176.702	3.015.810	3.415.552	4.187.798	4.350.342	5.015.072	36.308.964
Uppsafnaðar tjónagreiðslur												
í árslok	(2.004.738)	(2.211.540)	(2.828.732)	(3.215.530)	(2.827.492)	(3.106.013)	(2.895.250)	(3.207.218)	(3.526.341)	(2.857.394)	(2.298.600)	(30.978.848)
Tjónaskuld samtals .	5.590	14.400	5.948	9.587	24.131	70.689	120.560	208.335	661.457	1.492.948	2.716.472	5.330.116
Tjónaskuld vegna eldri ára												37.977
Tjónaskuld alls í árslok 2016												5.368.093